

Skráningarráð Gagnis

Annar fundur 19. september 2003

Annar fundur skráningarráð haldinn í húsakynnum Landskerfis bókasafna, Borgartúni 37, 19 september kl. 14:30 .

Fundarmenn:

Guðný Ragnarsdóttir
Hildur Gunnlaugsdóttir
Sigrún Hauksdóttir
Ragna Steinarsdóttir
Þóra Sigurbjörnsdóttir
Þórdís Þórarinsdóttir

Dögg Hringsdóttir kom og kynnti stjórnun aðgangsheimilda.

Dagskrá:

1. Skráningarheimildir – Dögg Hringsdóttir og Sigrún kynntu möguleika kerfisins til þess að stjórna notendaheimildum. Það eru fjórar meginleiðir til þess að stýra aðgangsheimildum vegna skráningar. Sérstaklega er litið til þess að nýta skrá sem heitir “Permission.dat” sem stýritæki. “Permission.dat” getur stýrt heimildum eftir sviðum í MARC-sniðinu. Ákveðið var að bíða með að frekari ákvarðanir þar til að starfsmenn ExLibris í Þýskalandi koma á kerfisgreiningarfund vegna yfirfærslu Fengs í lok október.
2. Nýtt skipurit Landsbókasafns og hvernig það tengist skráningarráði Gagnis - Hildur Gunnlaugsdóttir sagði frá nýju skipuriti Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns. Við þetta nýja skipurit fellur ritstjórn Gagnis undir starfssvið Hildar. Af þeim sökun breytist hlutverk Hildar úr fulltrúa Landsbókasafns í skráningarráðinu í ritstjóra Gagnis. Landsbókaverði er kunnugt um breytinguna og væntum við nýs fulltrúa Landsbókasafns á næsta fund.
3. Verkaskipting – Enn var beðið með að skipta með sér verkum þar sem eftir er að skipa fulltrúa Landsbókasafns og þess að Herdís Tómasdóttir er í leyfi þar til í október.
4. Önnur mál – Ragna Steinarsdóttir reifaði ýmis efnisorðavandamál. Brýnt er að taka ákvarðanir um ýmislegt til að tryggja samræmi. Rögnu var falið að leggja formlega beiði fyrir Skráningarráð þar sem vandamálin væru reifuð.
5. Fundatími – Ákveðið var að hafa fastan fundartíma á fimmtudögum kl. 14.00. Einnig var talað um að að raunhæft væri að skipta ráðinu í tvo vinnuhópa, annarsvegar skráningarhóp og hinsvegar efnisorðahóp.

Fundarritari

Sigrún Hauskdóttir